

MARÍA ANNA GARÐARSDÓTTIR*, KRISTOF BATEN**
OG MATTHEW WHELPTON*
HÁSKÓLI ÍSLANDS*, UNIVERSITY OF GENT**

Tileinkun frumlagsfalls í íslensku sem öðru máli

1. Inngangur

Meginmarkmið greinarinnar er að setja fram tvær tilgátur á grundvelli úrvinnslukenningarinnar (e. *Processability Theory*).¹ Sú fyrri er tilgáta um þróun aukafallsfrumlaga í íslensku sem öðru máli og hin síðari, tilgátan um snertiflöt falla (e. *Case Interface Hypothesis*), spáir því að frumlagsfall þróist í hlutlausri orðaröð áður en fallinu er gefið hlutverkslegt gildi. Greinin er fræðilegs eðlis og vísað verður í niðurstöður fyrri rannsókna á fallatileinkun í íslensku sem öðru máli² til stuðnings tilgátunum.

Setningarnar í (1) sýna þróun þolfallsfrumlags í grófum dráttum. Í setningunni í (1a) má sjá að í upphafi getur málneminn aðeins tjáð skynjendafrumlagið með nefnifalli í hlutlausri orðaröð. Á næsta stigi í þróunarröðinni getur málneminn birt þolfallið eins og

1 Sjá t.d. Manfred Pienemann, *Language processing and second language development. Processability Theory*, Amsterdam: John Benjamins, 1998; Manfred Pienemann, Bruno Di Biase og Satomi Kawaguchi, „Extending Processability Theory“, *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory*, ritstj. Manfred Pienemann, Amsterdam: John Benjamins, 2005, bls. 199–251; Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, „Processability Theory: Theoretical Bases and Universal Schedules“, *Grammatical Development in Second Languages: Exploring the Boundaries of Processability Theory*, ritstj. Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, European Second Language Association, 2015, bls. 19–79.

2 María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir, Í öllu falli: Úrvinnslukenningin og fallatileinkun í íslensku, MA-ritgerð í íslensku við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2012, Sótt 19. júlí 2017 af <http://hdl.handle.net/1946/11459>; Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir, „Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli“, *Milli mála* 5, ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir, 2014, bls. 45–72; Gísli Hvanndal Ólafsson, Í besta falli. Úrvinnslukenningin og frumlög í íslensku millimáli, BA-ritgerð í íslensku við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2015. Sótt 19. júlí 2017 af <http://hdl.handle.net/1946/21241>.

sjá má í (1b) en aðeins aðeins á sínum hlutlausu stað í setningunni. Málneminn getur á þessu sama stigi vikið frá hlutlausri orðaröð, eins og sjá má í (1c), með því að færa atviksliðinn fram fyrir hlutlausu orðaröð, en fallið varðveitist ekki þar sem liðgerðin hefur ekki náð tengslum við hlutverkagerðina. Í setningunni í (1d) hafa tengslin komist á og því ná upplýsingarnar um fallið að berast á milli liðgerðar og málfræðihlutverka og fallið helst.

- (1) a. *Ég* (nf.) langa að fara í sund á morgun.
- b. *Mig* (þf.) langar að fara í sund á morgun.
- c. Á morgun *ég* (nf.) langa að fara í sund.
- d. Á morgun langar *mig* (þf.) að fara í sund.

Áður en tilgáturnar tvær verða kynntar í 3. kafla verður sagt frá fræðilegum bakgrunni þeirra í 2. kafla. Tekið verður saman stutt ágríp um þrjú aðalatriði úrvinnslukenningarinnar: þáttasamræminguna í kafla 2.2, tengsl liðgerðar og hlutverkagerðar í kafla 2.3 og að síðustu tengsl orðaraðar og hlutverkagerðar í köflum 2.4–2.6.

2. Úrvinnslukenningin og fall

2.1 Inngangur

Upphaf úrvinnslukenningarinnar má rekja til margvíða líkansins (e. *Multidimensional Model*) sem sniðið var af ZISA-rannsóknarhópnum (þ. *Zweisprachenerwerb italienischer, spanischer und portugiesischer Arbeiter*). ZISA-hópurinn rannsakaði hvernig orðaröð þróaðist hjá ítölskum, spænskum og portúgölskum farandverkamönnum sem voru að læra þýsku sem annað mál í Þýskalandi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Meðal helstu fræðimanna í ZISA-hópnum voru Harald Clahsen, Jürgen M. Meisel og Manfred Pienemann og síðar starfaði Manfred Pienemann með Malcolm Johnston í Ástralíu að áframhaldandi rannsóknum á orðaröð í ensku. Nafn líkansins *margvíða líkanið* vísar í niðurstöður rannsókna sem voru í stuttu máli þær að tvær hliðar væru á máltileinkun.³

3 Vivian Cook, *Linguistics and Second Language Acquisition, Modern Linguistics Series*, London: Palgrave, 1993, hér bls. 93.

- i. Föst algild þróunarröð var á ákveðnum formgerðum tungumálsins sem allir málneymar gengu í gegnum og engir utan- aðkomandi þættir höfðu áhrif á þá röð. Þróunarröðin var talin háð almennum þáttum málúrvinnslu.
- ii. Aðrar hliðar tungumálsins voru breytilegar og háðir málne- manum og aðstæðum hans hverju sinni.

Á grunni algildrar þróunarraðar margvíða líkansins setti Pienemann fram kennslutilgátuna sína (e. *Teachability Hypothesis*) árið 1988.⁴ Með henni setti hann fram þá tilgátu að áhrif kennslunnar á tileinkun væru háð því hvað málneyminn væri reiðubúinn til að læra⁵ hverju sinni, eða m. ö. o. verður málneyminn að hafa tileinkað sér viðeigandi úrvinnsluáðgerðir (e. *processing procedure*) í huganum til að verða fær um að vinna úr tilteknum málfræðiformgerðum og kennsla breyti þar engu um. Síðar setti Pienemann fram úrvinnslukenn- inguna (e. *Processability Theory*) þar sem hann skilgreinir nákvæm- lega þær úrvinnsluáðgerðir sem málneyminn þarf hverju sinni með hugtökum hlutverkamálfræðinnar (e. *Lexical-Functional Grammar*) og setti upp úrvinnslustigveldi (e. *processability hierarchy*) sem skýrir og lýsir algildri þróunarröð málfræðiformgerða í máltileinkun. Úrvinnslukennninguna setti Pienemann fram í tveimur áföngum, fyrst árið 1998 í bókinni *Language processing and second language deve- lopment – Processability Theory*⁶ og síðar í endurbættri útgáfu, ásamt Bruno DiBiase og Satomi Kawaguchi, árið 2005 í greinasafninu *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory*.⁷

Úrvinnslukennningin er námskenning þar sem gert er ráð fyrir því að málneyminn þurfi að byggja upp sértæka úrvinnslufærni í huganum áður en hann getur unnið úr ákveðnum formgerðum tungumálsins. Leitast er við að skýra og lýsa samspili málúrvinnslu og málsköpunar og gert er ráð fyrir að tileinkunin fari fram í mannlegum huga með öllum sínum takmörkunum, en ekki í takmarkalausum tölvubúnaði.⁸

4 Manfred Pienemann, „Is Language Teachable? Psycholinguistic Experiments and Hypotheses“, *Applied Linguistics* 10:1, 1989, bls. 52–79.

5 „[T]he teachability of language is constrained by what the learner is ready to acquire.“ Sama rit, bls. 52.

6 Manfred Pienemann, *Language processing and second language development. Processability Theory*.

7 Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory“.

8 Manfred Pienemann, *Language processing and second language development. Processability Theory*, hér bls. 1–5.

Úrvinnslukenningin nýtir sér hugmyndir og hugtök úr hlutverkamálfræðinni til að skýra þróun málkerfis í huga þess sem er að læra annað tungumál. Þróun beygingarlegra þátta er skýrð með úrvinnslustigveldi (e. *Hierarchy of Processing Procedure*) til að skilgreina þá leið sem málfræðiupplýsingarnar þurfa að fara á milli eininga í setningunni svo að beygingarlegt samræmi komist á. Þróun setningagerðar er skýrð með því að skoða tengslin á milli merkingarhlutverka, málfræðihlutverka og orðaraðar, þ.e. á milli hinna þriggja aðgreindu setningastiga sem gengið er út frá í hlutverkamálfræðinni: rökliðagerðar (e. *argument structure*), hlutverkagerðar (e. *functional structure*) og liðgerðar (e. *constituent structure*). Settar eru fram þrjár tilgátur til að lýsa þróuninni: 1) Tilgátan um ómörkuð og línuleg tengsl (e. *Unmarked Alignment Hypothesis*) sem lýsir því úrræði sem byrjandi í tungumáli hefur í upphafi máltileinkunar til að skipuleggja setninguna, 2) tilgátan um orðsafnsvörpun (e. *Lexical Mapping Hypothesis*) sem lýsir því hvernig málnefningin getur smám saman varpað sértækum upplýsingum á milli merkingar- og málfræðihlutverka, t.d. um fall rökliðarins og 3) tilgátan um samræðuhlutverk (e. *Topic Hypothesis*) sem lýsir því hvernig orðaröðin þróast í millimálinu frá fastri og hlutlausri orðaröð til margvíslegra tilbrigða í orðaröð.⁹

Í fyrri útgáfu úrvinnslukenningarinnar er samræming beygingarlegra þátta milli eininga í setningunni, svokölluð þáttasamræming (e. *feature unification*), lykiltríði og eru henni gerð skil í kafla 2.2 hér á eftir. Í endurbættri útgáfu kenningarinnar er samspili merkingarhlutverka, málfræðihlutverka og orðaraðar bætt við kenninguna í takt við þær breytingar og viðbætur sem höfðu orðið í hlutverkamálfræðinni um aldamótin 2000. Þessum tengslum verður lýst í köflum 2.3 og 2.4 hér á eftir. Að lokum verða aðalatriði þessa kafla tekin saman í 2.5.

2.3 Þáttasamræmingin¹⁰

Úrvinnslustigveldið er sett upp í fimm stigum og það skýrir hvernig upplýsingaflæði málfræðinnar þróast innan setningarinnar.

9 Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, „Processability Theory: Theoretical Bases and Universal Schedules“, hér bls. 70.

10 Sjá ítarlegri lýsingu á þáttasamræmingunni og úrvinnslustigveldinu hjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur, í öllu falli, bls. 54–67.

Á fyrsta stigi hefur málneminn engan aðgang að málfræðilegum upplýsingum. Orðin og setningarnar bera aðeins merkingu. Málneminn lærir stök orð og hlunka (e. *chunks*) eins og sjá má í setningunum í (2).


- (2) a. Gaman að sjá þig.
 b. Sömuleiðis.
 c. Hvað segirðu gott?

Á þessu stigi eru hlunkarnir í (2) ósundurgreinanlegir í huga málnemans. Hann getur ekki skipt út orðum og sett t.a.m. fleirtölumynd annarrar persónu fornafnsins í þolfalli, *ykjur*, í lok setningarinnar í (2a), eða skipt út sagnorðinu og sett t.d. *hitta* í stað *sjá* í sömu setningu. Orðastrengurinn er ein heild og málneminn hefur engan aðgang að málfræðilegum upplýsingum orðanna í setningunni.

Á öðru stigi úrvinnslustigveldisins hefur málneminn aðeins þá úrvinnsluhæfni yfir að ráða sem kallast formdeildaraðgerðir, en þær felast í aðgangi að merkingarlegum formdeildum á borð við þátíð og fleirtölu og getu málnemans til að bæta orðasafnsmorfemum (e. *lexical morpheme*) við orðstofninn. Þátíðar- og fleirtöluförmin, sem málneminn notar, eru ekki endilega í samræmi við reglur markmálsins en þessi orðasafnsmorfem eru fyrsti vísir að málfræðikerfi í huga hans, sem færast smám saman nær kerfi markmálsins. Málnemarnir gætu hugsanlega sagt *Mennar hljópaði* þar sem -ar hefur fleirtölumerkingu og -aði þátíðarmerkingu í millimáli þeirra. Setningar sem málneminn ræður við eru í hlutlausri orðaröð, þ.e. í röðinni frumlag – sögn – andlag.

Á þriðja stigi stigveldisins fara málfræðiupplýsingarnar að flæða á milli eininga í setningarliðum. Einfaldasta leiðin til að útskýra upplýsingaflæðið er með hríslumynd af setningarliðnum XL, þar sem grunnliðurinn, eða höfuðið, er X.¹¹

11 Höskuldur Þráinsson, „Formgerð setningarliða og orðaröð,“ *Setningar*. Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstj. Höskuldur Þráinsson, meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 159–262, hér bls. 200.



Eins og sjá má í hríslnunni í (3) eru þrjár hæðir í setningarliðnum XL. Höfuðið (X) og fylliliður hans (ZL) eru á fyrstu hæð, ákvæðisliðurinn (YL) og vörpunin X' á annarri hæð. Efst trónir hámarksvörpun höfuðsins, XL, á þriðju hæð. Höfuðið X hefur að geyma merkingarlegar og málfræðilegar upplýsingar sem ákvæðisliðurinn og fylliliðurinn þurfa á að halda til þess að geta verið í beygingarlegu samræmi við höfuð sitt. Höfuðið þarf aðeins að sækja málfræðilegar upplýsingar innra með sér, en þær aðgerðir nefnast formdeildaadgerðir eins og áður var nefnt, en þær fela í sér úrvinnslugetu sem málneminn öðlast á öðru stigi stigveldisins. Upplýsingarnar sem þurfa að berast á milli höfuðsins og fylliliðarins, til að gæta samræmis í liðnum, þurfa að fara aðeins lengri leið, þ.e. upp á aðra hæð í gegnum X' og niður á fyrstu hæð aftur í höfuðið. Upplýsingar á milli ákvæðisliðarins og höfuðsins þurfa að fara enn lengri leið, upp um tvær hæðir, fyrst í gegnum X' og síðan í gegnum hámarksvörpunina á þriðju hæð og að lokum aftur niður til ákvæðisliðarins. Öll upplýsingaskipti sem fara á milli eininga innan liðarins kallast liðaaðgerðir og beygingarmorfemín sem bætt er á ákvæðis- og fylliliðina kallast liðamorfemín (e. *phrasal morpheme*).

Liðaaðgerðirnar felast í því að málfræðiupplýsingar flæða á milli orða í liðum; fleirtalan berst t.d. frá nafnorðinu til lýsingarorðsins innan liðarins. Málneminn getur því haft beygingarsamræmi í nafnlið og sett liðamorfemín á lýsingarorðið í nafnliðnum *Margir strákar*, þ.e. bætt -ir endingunni við stofn lýsingarorðsins í þeim tilgangi að gæta tölusamræmis milli nafnorðsins og lýsingarorðsins innan nafnliðarins. Enn er tilviljunarkennt hvort formín eru eins og í markmálinu en getan til að mynda liðamorfemín er fyrir hendi.

Á fjórða stigi fara málfræðiupplýsingar að flæða á milli liða í setningunni og þar með hefur málneminn yfirsýn yfir alla setninguna og getur myndað milliliðamorfemín (e. *inter-phrasal morpheme*). Fleirtalan getur borist frá nafnorðinu til sagnfyllingarinnar á fjórða

stigi: *Strákarnir* eru *marginir* og persóna og tala berst á milli frumlags og sagnar: *Strákurinn tekur stundum bundinn með sér í skólann*.

Á fimmta stigi geta upplýsingar borist á milli aðalsetningar og aukasetningar og þar með geta t.d. ákveðnar sagnir í aðalsetningunni kallað á viðtengingarhátt í aukasetningunni: *Ég vildi að ég færi með*.

Í töflu (1) er úrvinnslustigveldið sett upp. Fremst eru stigin og heiti þeirra morfema sem málneminn getur myndað á hverju stigi. Þar á eftir er lýsing á beygingum sem hann ræður við á hverju stigi.


Tafla 1. Úrvinnslustigveldið og beygingaformgerðir á hverju stigi.

Stig	Morfem	Beyging
5		Viðtengingarháttur í aukasetningum
4	Milliliðamorfem	Samræmi frumlags og sagnar/sagnfyllingar
3	Liðamorfem	Tölusamræmi í nafnið
2	Orðasafnsmorfem	Þátíð og fleirtala
1	Engar aðgerðir	Stök orð og hlunkar. Engin beyging

Hér á undan hefur verið rakið hvernig úrvinnslukenningin nýtir sér hugmyndina um þáttasamræminguna úr hlutverkamálfræðinni til að skýra þróun beygingarlegra aðgerða í millimáli málnemans. Þá er komið að skýringu kenningarinnar á þróun setningarlegrar úrvinnslu í máltileinkun.

2.3 Samspil setningastiganna þriggja

Þróun setningarlegrar úrvinnslu er skýrð með sampili hinna þriggja sjálfstæðu og samhliða stiga setningarinnar sem gengið er út frá í hlutverkamálfræðinni: rökliðagerðar (e. *argument structure*), hlutverkagerðar (e. *functional structure*) og liðgerðar (e. *constituent structure*). Þessi setningastig eru stundum nefnd a-gerð, f-gerð og c-gerð eftir upphafsstaf ensku heitanna. Á mynd (1) eru setningastigin þrjú sett upp á myndrænan hátt til að sýna hvernig upplýsingarnar flæða á milli þeirra.

Mynd 1. Þrjú sjálfstæð og samhlíða stig setningar.¹²

Á mynd 1 sýna örvarnar hvernig upplýsingunum er varpað annars vegar úr rökliðagerðinni yfir á hlutverkagerðina og hins vegar úr liðgerðinni yfir á hlutverkagerðina. Upplýsingarnar verða að stemma á milli setningagerðanna til að liðirnir fái sitt eðlilega hlutverk í setningunni.

Efst á mynd 1 trónir rökliðagerðin sem inniheldur þrjár mismunandi tegundir upplýsinga: Í fyrsta lagi umsögnina og rökliði hennar (x, y). Í öðru lagi inniheldur hún upplýsingar um algilda stigveldisröð merkingarhlutverka, sem sjá má í (4), þar sem fram kemur hversu auðkennileg, áberandi eða eftirtektarverð merkingarhlutverkin eru; gerandinn skipar þar fyrsta sæti og staðurinn það síðasta.

(4) gerandi > þiggjandi > skynjandi / mark > tæki > þolandi / þema > staður¹³

Í þriðja lagi inniheldur rökliðagerðin upplýsingar um setningarlega gerð rökliðanna, þ.e. hvort rökliðurinn er andlag eður ei (e. $+/-o(bject)$) og hvort hann geti aðeins tengst takmörkuðum gerðum merkingarhlutverka eður ei ($+/-r(estricted)$). Þættirnir eru settir upp í þáttgreiningartöflu rökliða í töflu (2).

12 Aðlagad að íslensku úr Joan Bresnan, Ida Toivonen, Ash Asudeh and Stephen Wechsler. *Lexical-Functional Syntax*. Hoboken: Wiley, 2015, bls. 15.

13 Sama rit, bls. 329.

Tafla 2. Þáttagreining rökliða.¹⁴

	-r	+r
-o	SUBJ	OBL _θ
+o	OBJ	OBJ _θ

[+/-r]: (un)restricted];

[+/- (non)objective]

Með þessari setningarlegu þáttagreiningu má setja hömlur á vörpun rökliðanna úr rökliðagerðinni yfir á málfræðihlutverk hlutverkagerðarinnar. Rökliðir sem merktir eru [-o], t.d. frumlög (SUBJ), tengjast t.a.m. ekki málfræðihlutverkinu andlagi í hlutverkagerðinni. Hins vegar eru engar takmarkanir á því hvaða merkingarhlutverkum frumlög geta tengst, og því eru þau merkt þættinum [-r]. Óbein andlög (OBJ_θ) geta aðeins tengst takmörkuðum gerðum merkingarhlutverka og þess vegna eru þau merkt þættinum [+r].

Í hlutverkamálfræðinni er liðgerðin tjáð með hefðbundnum liðgerðartrjám eins og sjá má neðst á mynd 1. Liðgerðin inniheldur málsértækar liðgerðarreglur sem skipuleggja röð algilda eininga (á borð við sagnir, sagnliði o.s.frv.) innan setningarinnar án þess að ummyndanir eða færslur komi þar til.

Á milli rökliðagerðarinnar og liðgerðarinnar á mynd 1 er hlutverkagerðin sem inniheldur algildar einingar, eða málfræðihlutverk, á borð við frumlag og andlag. Málfræðihlutverkin eru búin málfræðilegum upplýsingum úr orðasafninu og hlutverk þeirra er að vera einhvers konar milliliður milli liðgerðarinnar og rökliðagerðarinnar og gæta málfræðihlutverkin þess að upplýsingarnar stemmi milli setningastiganna þriggja. Á þennan hátt öðlast abstrakt merkingarhlutverk rökliðagerðarinnar málfræðilegt hlutverk í hlutverkagerðinni áður en því er skipað sæti í setningunni.¹⁵

Í næstu undirköflum verður greint frá tilgátunum þremur, tilgátunni um ómörkuð og línuleg tengsl (e. *Unmarked Alignment Hypothesis*), tilgátunni um orðasafnsvörpun (e. *Lexical Mapping Hypothesis*) og til-

14 Sama rit, bls. bls. 330.

15 Manfred Pienemann, „Processability Theory“, *Theories in Second Language Acquisition. An Introduction*, ritstj. Bill VanPatten og Jessica Williams Mahwah, New Jersey: Lawrence Earlbaum Associates, 2007, bls. 137–154, hér bls. 144; Manfred Pienemann *Language processing and second language development. Processability Theory*, hér bls. 93–98. Kristof Baten, *The Acquisition of the German Case System by Foreign Language Learners*, Amsterdam: John Benjamins, 2013, hér bls. 27–30.

gátunni um samræðuhlutverk (e. *Topic Hypothesis*), sem settar eru fram í úrvinnslukenningunni í þeim tilgangi að lýsa setningarlegri þróun í millimáli.

2.4 Hlutlaus tengsl og tilgátan um ómörkuð tengsl

Tilgátan um ómörkuð og línuleg tengsl (e. *Unmarked Alignment Hypothesis*) er sett fram í því skyni að skýra hvernig málnemi getur í upphafi máltileinkunar skipulagt einfaldar setningar með einfaldri vörpun á milli setningastiganna þriggja þrátt fyrir að setningaraðgerðir og liðaaðgerðir séu óvirkar og liðgerðin flöt.¹⁶ Þessi einfalda vörpun felur í sér bein og föst línuleg tengsl á milli setningastiganna.

Tafla 3. Bein vörpun á milli setningastiganna þriggja.¹⁷

Vörpun	Setningastig	Dæmi	
Bein vörpun	a-gerð	báka < gerandi	ekki-gerandi >
		↓	↓
	f-gerð	FRUMLAG	EKKI-FRUMLAG
		↓	↓
	c-gerð	Jón NL _{NEFNIFALL} fyrsta sæti	bakar brauð NL _{EKKI-NEFNIFALL} ekki-fyrsta sæti

Þessi einfalda vörpun felst í því að varpa mest áberandi (e. *prominent*) merkingarhlutverkinu, geranda, á frumlag, sem er mest áberandi málfræðihlutverkið. Frumlagið tekur sér síðan sæti á mest áberandi staðnum í hlutlausri gerð liðgerðarinnar, þ.e. fremst í setningunni,¹⁸ í sjálfgefnu falli, þ.e. nefnifalli. Í töflu 3 má sjá að á sama hátt eru sjálfgefin tengsl á milli rökliðar sem er ekki gerandi, ekki frumlag, ekki í sjálfgefnu falli og ekki í fyrsta sæti. Málneminn reiðir sig einungis á ómörkuð og línuleg tengsl í byrjun en smám saman getur hann


16 Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory“, hér bls. 231.

17 Aðlagð að íslensku úr sama riti, hér bls. 229-230; Anke Lenzen, *The Development of the Grammatical System in Early Second Language Acquisition, The Multiple Constraints Hypothesis*, Amsterdam: John Benjamins, 2013, bls. 94 og Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, hér bls. 119.

18 Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory“, hér bls. 229.

myndað setningar með fjölbreyttari tilbrigðum í orðaröð og tjáningu¹⁹ og þar með verða tengslin milli liðgerðarinnar og málfræðihlutverkanna flóknari.

Með tilgátu sinni um margfalda hömlu (e. *The Multiple Constraints Hypothesis*) gerði Anke Lenzing²⁰ nokkrar breytingar á tilgátunni um ómörkuð og línuleg tengsl. Hún færir rök fyrir því að í upphafi mál-tileinkunar sé setningarleg hlið rökliðagerðar (þættirnir [+/-o] og [+/-r]) ekki fullbúin upplýsingum í hugrænu orðasafni málnemans og því nær rökliðagerðin ekki tengslum við hlutverkagerðina. Setningarlegu þættirnir, ([+/-o] og [+/-r]) sem þurfa að stemma við hlutverkagerðina til að virkja málfræðihlutverkin þar, eru ekki tilækir og þar með komast tengslin ekki á. Engar setningarlegar aðgerðir eru hafnar í upphafi málteinkunar, hvorki liðaaðgerðir sem byggja upp liðina né setningaaðgerðir sem byggja upp setninguna; liðgerðin er flöt.



Mynd 2. Tilgátan um margfalda hömlu (e. *The Multiple Constraints Hypothesis*).²¹

19 Sama rit, bls. 245.

20 Anke Lenzing, *The Development of the Grammatical System in Early Second Language Acquisition, The Multiple Constraints Hypothesis*.

21 Sama rit, bls. 8.

Á sama hátt nær liðgerðin ekki tengslum við hlutverkagerðina, þar sem hlutverkin eru óvirk í hlutverkagerðinni og liðgerðin ekki fyrir hendi. Hins vegar er merkingarleg hlið rökliðagerðarinnar og hið algilda stigveldi merkingarhlutverka aðgengileg. Á þessum grunni færir Lenzing rök fyrir því að byrjendur reiði sig á beina vörpun rökliða úr rökliðagerðinni yfir á flata formgerð liðgerðarinnar án viðkomu í hlutverkagerðinni.²² Þessa einföldu vörpun í upphafi máltileinkunar má sjá á mynd 2.

Á fyrstu stigum úrvinnslustigveldisins þar sem málfræðihlutverkin eru óvirk og óaðgengileg er hæpið að kalla rökliði setninga frumlag eða andlag. Málnemar skynja fremur lið á undan sögn og lið á eftir sögn og geta unnið úr einföldum setningum þar sem einhver, sem fær sæti fremst í setningunni, gerir eitthvað við einhvern/eitthvað, sem fylgir sögninni.

2.5 Tilgátan um samræðuhlutverk

Þróunin frá hlutlausri orðaröð til flóknari orðaraðar er skýrð innan úrvinnslukenningarinnar með tilgátunni um samræðuhlutverk (e. *Topic Hypothesis*) en hún spáir því að tengslin milli orðaraðar og málfræðihlutverka þróist frá sjálfgefinni orðaröð (e. *canonical order*) til ekki-sjálfgefinnar raðar (e. *non-canonical*) og í upphafi aðgreini málneminn ekki á milli frumlags og kjarna (e. *topic*).²³ Frumlagið er þá „hinn sjálfgefni kjarni (e. *topic*) setningarinnar af því að það situr fremst í setningunni í sjálfgefinni orðaröð.“²⁴ Fyrst verður aðgreiningin á milli frumlags og kjarna sem er atviksliður, eins og sjá má í setningunni í (5a). Á þessu stigi, 3. stigi úrvinnslustigveldisins, eru setningaaðgerðirnar ekki hafnar og því getur málneminn ekki umræðað frumlagi og sögn og heldur sér því við hlutlausa orðaröð á eftir tímalíðnum. Síðar í tileinkuninni verður aðgreining á milli frumlags og kjarna sem er rökliður, eins og

22 Anke Lenzing, „The development of argument structure in the initial L2 mental grammatical system“, *Developing, Modelling and Assessing Second Languages*, ritstj. Jörg-U. Kessler, Anke Lenzing og Mathias Liebner, 2016, bls. 3–33, hér bls. 13.

23 Kjarni er táknaður með skammstöfuninni TOP í hlutverkamálfræðinni.

24 Jóhannes Gísli Jónsson, „Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun,“ Setningar. Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III, ritstj. Höskuldur Þráinsson, meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 350–409, hér bls. 387.

sjá má í setningunni í (5c). Á þessu stigi, 4. stigi úrvinnslustigveldisins, hefur málneminn vald á setningaáðgerðum og getur því umraðað frumlagi og sögn á eftir kjarnalið, hvort sem hann er rökliður (5c) eða ekki (5b).²⁵

- (5) a. Í dag hann gefur mér ís
 b. Í dag gefur hann mér ís
 c. Mér gefur hann ís í dag

Í (5a) er tíðaratviksliðurinn *í gær* fremst í setningunni en í (5c) er andlagið *mér*, einn af þremur kjarnarökliðum sagnarinnar *gefa*, fremst.

Í töflu (4) er þróun vörpunarinnar á milli orðaraðar og málfræðihlutverka (c- og f-gerðar) sett upp í hefðbundna töflu úrvinnslustigveldisins. Fremst eru stigin og heiti þeirra úrvinnsluáðgerða sem málnemanum eru færir á hverju stigi. Þar á eftir eru sýnd dæmi um hvernig orðaröðin þróast eins og nú hefur verið skýrt og hvernig beygingin þróast eins og skýrt var í kafla 2.2 hér að framan.

Tafla 4. Úrvinnslustigveldið og dæmi um setningarlegar formgerðir á hverju stigi.

Stig	Aðgerðir	Orðaröð	Beyging
5	Aukasetningaáðgerðir		Viðtengingarháttur í aukasetningum
4	Setningaáðgerðir	ASF (Andlag - Sögn - Frumlag) Umröðun F og S	Samræmi frumlags og sagnar/sagnfyllingar
3	Liðaaðgerðir	XL-FSN ²⁶ (XL + hlutlaus orðaröð)	Tölusamræmi í nafnlið
2	Orðasafnsaðgerðir	NSN ²⁷ (hlutlaus orðaröð)	Þátíð og fleirtala
1	Engar aðgerðir	stök orð og hlunkar	Engin beyging

25 „The addition of an XP to a canonical string will trigger a differentiation of TOP and SUBJ which first extends to non-arguments and successively to [core]-arguments thus causing further structural consequences”. Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory”, hér bls. 239.

26 Hér á eftir, í kafla 3, færi ég rök fyrir því að kalla megi frumlag sínu rétta nafni á 3. stigi. Enn hefur ekki orðið aðgreining á milli kjarna sem er rökliður (andlag) og frumlags og því hæpið að kalla andlagið sínu rétta nafni, eins og eru færð rök fyrir í kafla 3 hér á eftir.

Belgíski fræðimaðurinn Kristof Baten²⁷ setti fram tilgátu um þróun falls í þýsku sem öðru máli á grunni úrvinnslukenningarinnar. Hann færði rök fyrir því að þróun vörpunar á milli liðgerðarinnar og hlutverkagerðarinnar í þýsku sem öðru máli mætti lýsa í fjórum skrefum: 1) Nefnifallsendingar koma í upphafi máltileinkunar fram sem orðasafns morfem á öllum rökliðum setningarinnar þar sem engin aðgreining hefur myndast á milli falla og því varla hægt að kalla það fall.²⁸ Næstu tvö skref koma upp eins og tilgátan um ómörkuð og línuleg tengsl spáir fyrir um, þ.e.a.s. málneminn ræður ekki við aðra fallmörkun en að úthluta svokölluðu stöðufalli (e. *positional case*), eða út frá stöðu rökliðanna í setningunni; 2) Fyrst verður aðgreining á milli nefnifallsfrumlags á undan sögn og ekki-nefnifallsrökliðar á eftir sögninni og 3) seinna verður aðgreining innan ekki-nefnifallsins, þ.e. á milli þolfalls og þágufalls, þ.e. á milli beins og óbeins andlags.²⁹ 4) Þegar setningaaðgerðir verða virkar í huga málnemans³⁰ fær fallið hlutverkslegt gildi og málnemar geta haldið falli á rökliðum sem ekki eru á sínum hlutlausu stað í setningunni. Skrefin má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Þróunarröð orðaraðar og falls í þýsku sem öðru máli.³¹

stig	Aðgerðir	c → f vörpun	Orðaröð	Fall
4	Setningaaðgerðir	KJARNI = ANDLAG	ASF Umröðun F og A	4) Hlutverksleg fallmörkun
3	Liðaaðgerðir	KJARNI = ATKVIKSL.	XL + hlutlaus orðaröð	3) Stöðufall 2) nf. : Ekki-nf.
2	Orðasafnsaðgerðir	KJARNI = FRUMLAG	NVN (hlutlaus orðaröð)	1) Nefnifall

Kristof Baten raðar þessum fjórum skrefum setningarlegrar fallmörkunar á þrjú stig úrvinnslustigveldisins: Fyrsta skrefið er á orðasafnsaðgerðarstiginu (stigi 2) þegar málnemar eru ekki færir um að greina á milli frumlags og kjarna og geta því ekki haft

27 Kristof Baten, „Processability Theory and the Acquisition of the German Case System“, *Language Learning*, 61(2), 2011, bls. 455–505; Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*.

28 Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, hér bls. 135–136.

29 Sama rit, bls. 136.

30 Sjá nánar um úrvinnslustigveldið í kafla 2.3.

31 Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, bls. 284.

annan lið fremst í setningu en frumlag. Annað og þriðja skrefið er á liðaaðgerðarstiginu (stigi 3) þegar málnemar verða færir um að nota atviksliði sem kjarna fremst í setningunni, en hreyfa ekki til orðaröðina að öðru leyti, þ.e.a.s. atviksliðurinn er fremst og þar á eftir er setning með hlutlausri orðaröð. Fjórða skrefið taka þeir á setningaaðgerðarstiginu (stigi 4) þegar þeir verða færir um að nota andlag sem kjarna fremst í setningunni.

Tilgáta Batens um þróun falla frá stöðufallmörkun (e. *positional case marking*) til hlutverksfallmörkunar (e. *functional case marking*) hefur fengið stuðning úr rannsóknum á serbnesku³² og rússnesku.³³

2.6 Tengsl rökliðagerðar og hlutverkagerðar – tilgátan um orðasafnsvörpun

Í hlutverkamálfræðinni er litið svo á að vörpun merkingarhlutverka úr rökliðagerðinni yfir á málfræðihlutverkin í hlutverkagerð sé misflókin og fylgir flækjustig vörpunarinnar stigveldi merkingarhlutverka: *gerandi* → *þiggjandi* → *skynjandi/mark* → *verkfæri* → *þolandi/þema* → *staður*.³⁴ Á þessum grundvelli er tilgátan um orðasafnsvörpun sett fram í úrvinnslukenningunni með það í huga að spá fyrir um hvernig vörpunin á milli setningastiganna tveggja þróast frá hlutlausum tengslum í upphafi máltileinkunar til sífellt flóknari tengsla eftir því sem tileinkuninni vindur fram.³⁵ Í byrjun máltileinkunarinnar reiðir málneminn sig á ómörkuð og línuleg tengsl (sem sjá má í töflu 3 í kafla 2.3.1) og í huga hans hafa allar sagnir hlutlausa rökliðagerð. Seinna verður hann fær um að vinna úr sögnum með flóknari rökliðagerð á borð við sagnirnar í setningunum í (6a og b).

32 Bruno Di Biase, Camilla Bettoni, og Lucija Medojevic, „The development of case: a study of Serbian in contact with Australian English“, *Grammatical Development in Second Languages: Exploring the Boundaries of Processability Theory*, ritstj. Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, 2015, bls. 195–212.

33 Daniele Artoni og Marco Magnani, „Acquiring case marking in Russian as a second language: an exploratory study on subject and object“, *Grammatical Development in Second Languages: Exploring the Boundaries of Processability Theory*, ritstj. Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, 2015, bls. 177–193.

34 Manfred Pienemann o.fl. „Extending Processability Theory“, hér bls. 215.

35 Sjá t.d. sama rit; Camilla Bettoni og Bruno Di Biase, „Processability Theory: Theoretical Bases and Universal Schedules“.

- (6) a. Mér er illt skynjandi → frumlag
 b. Skólanum er lokað þolandi → frumlag

Í setningunni í (6a) er merkingarhlutverkinu skynjanda varpað á frumlagið. Skynjandinn er þriðja hlutverkið í stigveldiströð merkingarhlutverka sem sýnt var í (4) hér að framan. Vörpunin er því eilítið flóknari heldur en þegar gerandanum er varpað á frumlagið. Í setningunni í (6b) er a-f vörpunin enn flóknari þar sem þolandanum, sem er næstnæðst í stigveldinu, er varpað á frumlagið.

Ekki hafa neinar rannsóknir verið gerðar á einstökum formgerðum sem varða þessar varpanir innan úrvinnslukenningarinnar en Pienemann setti fram spá um hugsanlega þróunarröð einstakra formgerða, eða tilgátuna um orðasafnsvörpun, sem sjá má í töflu 6.

Tafla 6. Tilgátan um orðasafnsvörpun.³⁶

stig	a → f vörpun	setningarlegar formgerðir
?	flóknar varpanir, ekki-sjálfgefnar	flóknar umsagnir, t.d. orsakasagnir og frumlæg frumlagslyfting
?	ekki-sjálfgefnar varpanir í aðalsetningum	þolmynd málsértækar sagnir
?	sjálfgefin vörpun, þ.e. mest áberandi merkingarhlutverki er varpað á frumlag	sjálfgefin og hlutlaus orðaröð

Hér hefur tveimur hugmyndum úr hlutverkamálfræðinni verið gerð skil, annars vegar þáttasamræmingunni og vörpunum á milli setningastiganna þriggja og hins vegar þeim þremur tilgátum sem úrvinnslukenningin leggur fram til að lýsa og skýra beygingarlega og setningarlega þróun í millimáli málnema. Í næsta kafla verða lagðar fram tvær tilgátur byggðar á því sem hér hefur verið rakið. Önnur tilgátan snýr að þróun orðasafnsfalls í frumlögum í hlutlausri orðaröð og hin um nauðsyn þess að orðasafnsfalli öðlist hlutverkslegt gildi svo fallið varðveitist í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð.

36 Aðlagð úr Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory“, hér bls. 240.

3. Tvær tilgátur

3.1 Inngangur

Annie Zaenen, Joan Maling og Höskuldur Thráinsson³⁷ skiptu falli í formgerðarfall annars vegar og hins vegar í orðasafnsfall, í vel þekktri grein frá 1985. Allar götur sínar hefur þessi aðgreining verið viðhöfð í hefbundinni umræðu um fall í íslensku.³⁸ Orðasafnsfallið tengist ákveðnum merkingarhlutverkum í orðasafni áður en merkingarhlutverkinu er varpað á málfræðihlutverkin. Formgerðarfallinu er úthlutað í vörpuninni milli liðgerðar og hlutverkagerðar eftir að öll málsértæk fallaúthlutun hefur farið fram og felst í svokallaðri sjálfgefinni fallmörkun, þ.e. frumlaginu er úthlutað nefnifalli og andlaginu þolfalli.

Tilgáturnar tvær sem hér verða lagðar fram snerta öðru fremur orðasafnsfall í frumlögum. Fyrri tilgátan varðar þróun aukafallsfrumlaga, eða orðasafnsfalls, í hlutlausri orðaröð í íslensku sem öðru máli og er byggð á tilgátunni um orðasafnsvörpun og tilgátu Anke Lenzing sem setur margfalda hömlu á ómörkuð og línuleg tengsl á milli setningastiganna þriggja, eins og rakið var hér að framan. Hins vegar verður lögð fram tilgátan um snertiflöt falla sem snýr að því að gefa þurfi orðasafnsföllum hlutverkslegt gildi til þess að fallið haldist í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð. Þessi tilgáta er byggð á tilgátunni um umræðuhlutverk og tilgátu Batens um úthlutun stöðufalls áður en því er gefið hlutverkslegt gildi (e. *from marking the position to marking the function*).³⁹

Áður en tilgáturnar verða lagðar fram í köflum 3.2 og 3.3 er vert að ítreka muninn á ómörkuðum og línulegum tengslum annars vegar og ófullburða vörpun eins og Lenzing bendir á að byrjendur reiði sig á. Eins og sjá má í töflu 3 í kafla 2.3 eru ómörkuð og línuleg tengsl á milli allra setningastiganna þriggja; Merkingarhlutverkum í rökliðagerðinni er varpað á málfræðihlutverkin í hlutverkagerðinni og þeim er síðan skipað sæti í liðgerðinni. Tengslin birtast í setn-

37 Annie Zaenen, Joan Maling og Höskuldur Thráinsson, „Case and grammatical functions: The Icelandic passive“ *Natural Language and Linguistic Theory* 3, 1985, bls. 441–483.

38 Sjá t.d. Sigríður Þorvaldsdóttir og María Gardarsdóttir, „Fallatíleinkun í íslensku sem öðru máli“, bls. 45-72.

39 Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, hér bls. 126.

ingum með hlutlausri orðaröð, frumlag – sögn – andlag, og þau eru einföld og ómörkuð. Málnemar geta þó ekki nýtt sér þessi tengsl fyrr en á 3. stigi úrvinnslustigveldisins þegar setningarhlið rökliðarins er fullmótuð, og búin öllum þeim upplýsingum sem þörf er á til að tengjast hlutverkagerðinni. Þangað til hafa byrjendur ekki önnur úrræði til að mynda setningar en ófullburða vörpun rökliðanna yfir á flata formgerð liðgerðarinnar eins og sjá mátti á mynd 2 í kafla 2.3.1.

Benda má á að áður en Anke Lenzen setti fram tilgátu sína um margfalda hömlu á ómörkuð og hlutlaus tengsl var því almennt haldið fram innan úrvinnslukenningarinnar að setningarleg hlið rökliðar væri fullmótuð frá upphafi máltileinkunarinnar og því hefðu byrjendur aðgang að málfræðihlutverkunum í hlutverkagerðinni og gætu reitt sig strax á ómörkuð og línuleg tengsl milli setningastiganna þriggja.⁴⁰

3.2 Þróun falls milli rökliðagerðar og hlutverkagerðar. Tilgátan um þróun frumlagsfalls í íslensku

Hin misflókna orðasafnsvörpun, milli merkingarhlutverka í rökliðagerðinni og málfræðihlutverka í hlutverkagerðinni, sem rætt var um hér að framan birtist t.a.m. í frumlagsföllunum fjórum í íslensku, nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli. Nefnifallið er birtingarmynd einföldustu tengslanna, þ.e. á milli geranda, sem er hæsta merkingarhlutverkið í stigveldi merkingarhlutverka, og frumlags sem er það málfræðihlutverk sem samrýmist gerandanum best.⁴¹ Nefnifallið er líka birtingarmynd hlutlausrar vörpunar þar sem það stendur fyrir vörpun allra merkingarhlutverka yfir á frumlag, þ.e. öllum merkingarhlutverkum má varpa yfir á frumlög í nefnifalli. Þágufallið er birtingarmynd reglulegrar (þematískrar) vörpunar á milli skynjanda, sem er þriðja merkingarhlutverkið í stigveldinu, og frumlags. Þolfalls- og eignarfallsfrumlög eru birtingarmyndir flóknari vörpunar, þar sem merkingarhlutverkin, sem varpað er yfir á frumlagið, eru neðar í stigveldi merkingarhlutverka og vörpunin

40 Sjá t.d. Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, hér bls. 114.

41 „[C]ompatible grammatical function in the hierarchy of core argument functions“ Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory“, hér bls. 217.

því ófyrirsjáanlegri, þ.e. hún er ekki regluleg eins og í þágufallinu sem er alltaf skynjendafrumlag. Í setningunum í (7) má sjá dæmi um frumlagsföllin fjögur.

- (7) a. Ég (nf.) elska þig.
 b. Mér (þgf.) líður vel.
 c. Mig (þf.) langar heim.
 d. Mín⁴² (ef.) bíður ekkert nema gleðin!

Þegar liðaaðgerðir hefjast á 3. stigi úrvinnslustigveldisins⁴³ getur málneminn skynjað liði innan setningarinnar. Með þessari skynjun öðlast hann viðeigandi úrvinnslufærni til að hefja setninguna á öðrum lið en frumlaginu. Atviksliðinn, sem venjulega er aftast í setningunni, getur málneminn nú staðsett fyrir framan einfalda setningu með hlutlausri orðaröð. Hann hefur hins vegar ekki enn færni til að umræða frumlagi og sögn eða samræma málfræðina á milli á milli frumlags og sagnliðar (sjá kafla 2.2 hér að framan). Dæmi um þessa þróun er sýnd í setningunum í (8).

- (8) a. Ég elska þig í dag.
 b. Í dag ég elska þig.

Þessi liðaaðgerðarfærni gerir málnemanum kleift að greina á milli atviksliðar sem hefur samræðuhlutverkið kjarni og frumlags setningarinnar. Með aðgreiningunni og skynjun málnemans á frumlaginu má færa rök fyrir því að einhver tengsl séu komin á milli setningastiganna þriggja og að málfræðihlutverkin, a.m.k. frumlag, séu aðgengileg í hlutverkagerðinni. Um leið má færa rök fyrir því að kalla frumlagið sínu rétta nafni á 3. stigi en ekki bara N eins og gert var á 2. stigi úrvinnslustigveldisins í töflu 4 hér að framan. Þegar rökliðurinn hefur náð tengslum við málfræðihlutverkið má færa rök fyrir því að aðgreining geti orðið á milli nefnifalls og aukafalls í frumlögum á þriðja stigi. Hér á eftir verður því gert ráð fyrir því að orðasafnsföll frumlagsins geti þróast.

42 Benda má á að sagnir í íslensku sem taka með sér eignarfallsfrumlag eru aðeins örfáar, sjá t.d. Jóhannes Gísli Jónsson, „Sagnir með aukafallsfrumlagi“, Íslenskt mál 19–20, 1997–1998, hér bls. 12.

43 Sjá töflu 4 hér að framan.

Baten gerir ráð fyrir því að stöðufall beins og óbeins andlags þróist á sama stigi, þ.e. að aðgreining verði á milli þágufalls óbeins andlags og þolfalls beins andlags á sínum hlutlausu stöðum í setningunni. Þessar niðurstöður benda til þess að málfræðihlutverkið andlag verði líka aðgengilegt á þessu stigi og færa má rök fyrir því að þar með sé rökliðagerðin fullbúin öllum setningarlegum upplýsingum sem geta flætt óhindrað til hlutverkagerðarinnar og stemmt þar við merkingarhlutverkin og virkjað þau. Tengsl eru komin á milli liðgerðarinnar og merkingarhlutverkanna en liðgerðin er hins vegar ekki fullmótud, þar sem setningaaðgerðirnar eru ekki hafnar. Því er ekki hægt að hnika til hlutlausri orðaröðinni þar sem upplýsingaflæðið getur aðeins orðið í beinum og línulegum tengslum.

Hér á eftir verður því gert ráð fyrir því að á 3. stigi úrvinnslu-stigveldisins hafi allir rökliðir sagnarinnar náð tengslum við málfræðihlutverk sitt og geti tekið sér stöðu á sínum hlutlausu stað í setningunni. Ófullburða og beinu tengslin milli rökliðagerðarinnar og flatrar liðgerðar á 2. stigi stigveldisins án viðkomu í f-gerð, sem sjá má í töflu 3, hafa þróast, á 3. stigi, í bein og línuleg tengsl milli allra setningastiganna þriggja. Í töflu 7 má sjá tengslin.

Tafla 7. Ómörkuð og línuleg tengsl á milli setningastiganna þriggja.⁴⁴

Vörpun	Setningastig	Dæmi	
Línuleg og sjálfgefin vörpun	a-gerð	baka < gerandi	þema >
	f-gerð	FRUMLAG	ANDLAG
	c-gerð	Jón NL _{NEFNIFALL} fyrsta sæti	bakar NL _{POLFALL} á eftir sögn

Eins og sjá má í töflu 7 eru ómörkuðu tengslin fullmótud; merkingarhlutverkin, málfræðihlutverkin, föllin og sætin eru aðgengileg og kallast sínum réttu nöfnum. Þessi tengsl eru ómörkuð og línuleg en málneminn hefur ekki önnur úrræði til að tjá merkingu en hlutlausu orðaröð, þó hann geti staðsett atvikslið fremst í setningu.

44 Aðlagð að íslensku úr Manfred Pienemann o.fl., „Extending Processability Theory”, hér bls. 230, Anke Lenzing, *The Development of the Grammatical System in Early Second Language Acquisition, The Multiple Constraints Hypothesis*, hér bls. 94; Kristof Baten, *The acquisition of the German case system by foreign language learners*, hér bls. 119.

Þegar málneminn öðlast aðgerðarfærni til að byggja upp setninguna í heild sinni á 4. stigi stigveldisins mótast tengslin á milli liðgerðarinnar og hlutverkagerðarinnar til fulls. Málneminn verður um leið fær um að aðgreina á milli kjarnaandlags og frumlags, vinna úr setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð og umraðað frumlagi og sögn.

Á framangreindum rökum er tilgátan um þróun frumlagsfalls í íslensku byggð og hljóðar hún á eftirfarandi hátt:

Nefnifallið kemur fyrst fram í frumlögum í fyrsta sæti hlutlausrar orðaraðar í íslensku sem öðru máli. Á 3. stigi úrvinnslustigveldisins verður fallaaðgreining á milli nefnifalls og þágufalls í sömu hlutlausu orðaröð. Að síðustu verður aðgreining milli þolfalls og þágufalls annars vegar og eignarfalls hins vegar, enn á 3. stigi og í hlutlausri orðaröð.

Þróunarröðin nefnifall → þágufall → þolfall hefur komið fram í rannsóknum á barnamáli⁴⁵ og máltileinkun íslensku.⁴⁶ Setningarnar í (7a-d) lýsa þróunarröðinni, þar sem setningin í (7a) kemur fyrst fram í tileinkuninni og setningin í (7d) síðust.

Eins og fram kom hér á undan í kafla 2.3.1 þar sem fjallað var um beina vörpun bendir Lenzing á að þessi tengsl feli einungis í sér tengsl milli ófullburða rökliðar og flatrar liðgerðar. Á öðru stigi úrvinnslustigveldisins, þegar málnemar reiða sig á beina vörpun, eru málfræðihlutverkin því óaðgengileg og engin leið til að tengja merkingarhlutverkin við málfræðihlutverkin. Þar sem tengslin verða að vera komin á áður en fallmörkun orðasafnsfalla hefst, þ.e. áður en aukafallsfrumlög birtast í hlutlausri orðaröð, getur fallmörkunin ekki hafist fyrr en á þriðja stigi úrvinnslustigveldisins eða á sama stað og Baten staðsetur stöðufallmörkun í þýsku eins og sjá má í töflu 5 í kafla 2.3.2.

45 Herdís Þ. Sigurðardóttir, *Fallmörkun í barnamáli: Hvernig læra íslensk börn að nota föll?* MA-ritgerð við Hálskóla Íslands, Reykjavík, 2002; Ragnheiður Björgvinsdóttir, *Frumlagsfall í máli barna*, BA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2003.

46 María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir, Í öllu falli; Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir, „Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli“; Gísli Hvanndal Ólafsson, Í besta falli.

3.3 Tilgátan um snertiflöt falla (e. Case Interface Hypothesis)

Þegar litið er á þróun falla er nauðsynlegt að líta á varpanirnar tvær í samhengi, þ.e. vörpunina frá a-gerð til f-gerðar annars vegar og frá c-gerð til f-gerðar hins vegar. Skýra þarf hvernig fallmörkun rökliða snertist merkingarlega (a-f) og hlutverkslega (c-f). Tilgátan um snertiflöt falla, sem verður sett hér fram, tengir saman þróun þessara tveggja varpana og er byggð á tilgátu Batens frá stöðufalli til hlutverkslegrar mörkunar, tilgátu Lenzing um margfalda hömlu á ómörkuð og línuleg tengsl setningastiganna þriggja og tilgátunnanna tveggja úr úrvinnslukenningunni, þ.e. tilgátunnar um orðasafnsvörpun og tilgátunnar um umræðuhlutverk, en rætt var um allar þessar tilgátur hér að framan.

Á grunni tilgátu Lenzings um margfalda hömlu sem fjallað var um hér í kafla 2.3.1, var lagt til í kafla 3.2 að orðasafnsfall þróist á þriðja stigi úrvinnslustigveldisins í vörpuninni á milli merkingarhlutverka (a-gerðar) og málfræðihlutverka (f-gerðar), á sama stigi og Baten staðsetur fallmörkun formgerðarfalls. Tilgátan um snertiflöt falla hljóðar á þessa leið.

Formgerðarfall og orðasafnsfall þróast fyrst sem stöðufall á þriðja stigi úrvinnslustigveldisins þegar tengslin á milli rökliðagerðar og hlutverkagerðar verða virk, þ.e. fallaaðgreiningin verður í hlutlausri orðaröð. Þegar tengslin á milli liðgerðarinnar og hlutverkagerðarinnar eru fullburða öðlast formgerðar- og orðasafnsföll hlutverkslegt gildi, þ.e. málfræðihlutverkið nær föstum tengslum við setningarliðinn og þar með getur fall rökliðarins haldist í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð. Í formgerðarfallinu er úthlutun hlutverkslegs falls eðlilegt framhald c-f vörpunarinnar en tengja verður orðasafnsfallið við vörpunina á milli c-gerðar og f-gerðar til að það öðlist líka hlutverkslegt gildi.

Tilgátuna um snertiflöt falla má taka saman á eftirfarandi hátt:

- Stig 1. Kjarnarökliðir koma fram í sjálfgefnu formi.
- Stig 2. Aðgreining verður á milli nefnifallsrökliðar og ekki-nefnifallsrökliðar (c-f);
- Stig 3. Stöðufallmörkun hefst í vörpuninni á milli c-gerðar

og f-gerðar (nf. : þf. : þgf.); Stöðufallmörkun hefst í vörpuninni á milli a-gerðar og f-gerðar (nf. : þgf. : þf. : ef.).

- Stig 4. Hlutverksleg fallmörkun verður í kjarnfærðum andlögum (c-f); Orðasafnsfall tengist vörpuninni milli málfræðihlutverks og liðgerðar og því gefið hlutverkslegt gildi.

Tilgátan er sett upp innan úrvinnslustigveldisins í töflu 8 hér að neðan.

Tafla 8. Tilgátan um snertiflöt falla.

	orðaröð	a-f vörpun: þróun orðasafnsfalls í frumlögum	c-f-vörpun: þróun formgerðarfalls
4. setninga-aðgerðir	ASF XL SFA	orðasafnsfall tengist vörpuninni milli málfræðihlutverks og liðgerðar og því gefið hlutverkslegt gildi. II) ASF _{nf/þgf/þf/ef} I) XL SF _{nf/þgf/þf/ef} A	tengsl c- og f-gerðar komin á → úthlutun hlutverkslegs falls: II) A _{þf} SF _{nf} I) XL SF _{nf} A _{þf}
3. liðaaðgerðir	XL FSA	tengsl a- og f-gerðar komin á → ekki sjálfgefin vörpun: úthlutun falla í málsértækum sögnum. III) aðgreining: FRUML _{þf} : FRUML _{ef} II) aðgreining: FRUML _{þgf} : FRUML _{þf} I) aðgreining: FRUML _{nf} : FRUML _{þgf}	úthlutun stöðufalls: F _{nf} SA2 _{þgf} A _{þf} II) aðgreining: FRUML _{nf} : ANDL2 _{þgf} : ANDL _{þf} I) aðgreining: FRUML _{nf} : ANDL _{þf}
2. formdeildar-aðgerðir	hlutlaus orðaröð FSA		bein ófullburða vörpun: GERANDI tengist fyrsta sæti og EKKI-GERANDI tengist ekki-fyrsta-sæti II) aðgreining: FRUML _{nf} : EKKI-FRUML _{ekki-nf} I) ALLT NEFNIFALL
1.	stök orð og hlunkar	engin vörpun	engin vörpun

Eins og sjá má í töflu 8 verður fyrsta fallaaðgreiningin milli nefnifallsröklíðar og ekki-nefnifallsröklíðar á stigi 2. Fyrir tilstuðlan ómarkaðrar og línulegrar vörpunar, sem verður virk á milli setningastiganna þriggja á stigi 3, verður aðgreining á milli orða-

safnsfalla og formgerðarfalla í hlutlausri orðaröð. Að síðustu öðlast formgerðarfallið hlutverkslegt gildi á stigi 4, og orðasafnsfallið tengist vörpuninni milli málfræðihlutverks og liðgerðar og því sömuleiðis gefið hlutverkslegt gildi. Þar með geta rökliðirnir haldið fallinu í setningum sem hefjast á kjarnfærðum liðum.

Hér hefur tilgátunum tveimur verið gerð skil, annars vegar tilgátunni um þróun orðasafnsfalls í frumlögum í hlutlausri orðaröð og hins vegar tilgátunni um snertiflöt falla sem lýtur að nauðsyn þess að gefa orðasafnsfalli hlutverkslegt gildi svo fallið varðveitist í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð.

4. Niðurlag

Í greininni voru lagðar fram tvær tilgátur á grundvelli úrvinnslukenningarinnar. Sú fyrri, tilgátan um þróun frumlagssæti hlutlausrar orðaraðar í íslensku sem öðru máli væri á þessa leið: nefnifall → þágufall → þolfall. Tilgátan á sér samsvörun í niðurstöðum rannsókna á íslensku barnamáli og íslensku sem öðru máli. Með fulltingi tilgátu Lenzing um margfalda hömlu voru færð rök fyrir því að orðasafnsfall gæti ekki komið upp í máli málnema fyrir en rökliðagerðin væri fullbúin nauðsynlegum upplýsingum svo merkingarhlutverkin stemmdu við málfræðihlutverkin í vörpuninni milli rökliðagerðar og hlutverkagerðar. Þróun formgerðarfalls í hlutlausri orðaröð, sem Baten rannsakaði í þýsku sem öðru máli, var borin saman við þróun orðasafnsfalla í hlutlausri orðaröð í íslensku og leitt að því líkum að bæði formgerðarfall og orðasafnsfall þróist á þriðja stigi úrvinnslustigveldisins þegar vörpunin á milli setningastiganna þriggja væri orðin virk í huga málnema.

Síðari tilgátan, tilgátan um snertiflöt falla, spáir því að frumlagssæti þróist fyrst í vörpuninni á milli rökliðagerðar og hlutverkagerðar í frumlagssæti hlutlausrar orðaraðar á þriðja stigi úrvinnslukenningarinnar. Áður en fallið öðlast hlutverkslegt gildi geta málnemar ekki varðveitt fallið í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð. Þegar tengslin á milli liðgerðar og hlutverkagerðar eru orðin virk á fjórða stigi úrvinnslustigveldisins má tengja orðasafnsfallið vörpuninni og þar með gefa því hlutverkslegt gildi á sama hátt og formgerðarfallinu.

ABSTRACT

The Aquisition of subject case in Icelandic

The present paper aims to contribute on a theoretical level to Processability theory (PT) by presenting two hypotheses, the first concerning the developmental pattern of case in Icelandic as a second language and the latter one, *Case Interface Hypothesis*, proposes that thematic case assignment develops in canonical sentences before it becomes functional.

With the support of Processability Theory's Lexical Mapping Hypothesis, we propose a developmental hypothesis for thematic case marking on canonical subjects in L2 Icelandic. We hypothesize that thematic case develops in this order: dative → accusative → genitive. From the developmental perspective it is necessary to take the two mapping processes together, a- structure to f-structure as well as c-structure to f-structure, and explain how argument case development may interface thematically (a-f) and functionally (c-f). We will propose a hypothesis, the *Case Interface Hypothesis* (CIH), that links the development of those two mappings together. The CIH proposes that thematic case assignment, first develops in canonical sentences. In non-canonical sentences thematic case assignment needs to be aligned with functional case assignment.

Keywords: Second Language Acquisition, Processability Theory, Case Marking, Positional Case assignment, Functional case assignment

ÚTDRÁTTUR

Í greininni eru lagðar fram tvær tilgátur byggðar á úrvinnslukenningunni. Önnur spáir fyrir um þróun frumlagsfalls í íslensku sem öðru máli, hin spáir því að frumlagsfall þróist áður en fallinu er gefið hlutverkslegt gildi.

Lögð er fram tilgáta um þróun frumlagsfalls í hlutlausri orðaröð í íslensku sem öðru máli á grunni tilgátunnar um orðasafnsvörpun úr úrvinnslukenningunni. Í tilgátunni er því spáð að orðasafnsfall þróist í fyrsta sæti hlutlausrar orðaraðar í þessari röð: nefnifall → þágufall → þolfall.

Í greininni er litið á varpanir á milli þriggja setningastiga, þ.e. á milli rökliðagerðar og hlutverkagerðar annars vegar og hins vegar liðgerðar og hlutverkagerðar. Nauðsynlegt er að setja þessar tvær varpanir í samhengi og skýra hvernig orðasafnsfallið öðlast hlutverkslegt gildi eins og formgerðarfallið með því að tengja það vörpuninni milli liðgerðar og hlutverkagerðar. Lögð verður fram tilgátan um snertiflöt merkingarlegs stöðufalls og hlutverkslegs falls, sem tengir saman þróun þessara tveggja varpana. Tilgátan spáir því að merkingarlegt stöðufall þróist í hlutlausri orðaröð áður en fallið fær hlutverkslegt gildi. Í setningum sem víkja frá hlutlausri orðaröð verður að gefa merkingarlegu stöðufalli hlutverkslegt gildi til að nafnliðurinn haldi falli sínu.

Lykilorð: Máltileinkun, úrvinnslukenningin, fallmörkun, úthlutun stöðufalls, úthlutun hlutverkslegs fall